



Íþróttabandalag Akraness
Stofnað 1946
ia.is

Akraneskaupstaður
Skóla- og frístundasvið
B.t. Valgerðar Janusdóttur

Akranesi 14. febrúar 2018

Efni: Akranes – Heilsueflandi samfélag

Á formannafundi ÍA þann 12. febrúar sl. var rætt um þá hugmynd að Akranes yrði Heilsueflandi samfélag en það er samfélag þar sem heilsa og líðan íbúa er í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög undirritað samstarfssamning við Embætti landlæknis um Heilsueflandi samfélag, sjá <https://goo.gl/G4eBR6>

Íþróttabandalag Akraness fer þess á leit við Akraneskaupstað að skoðað verði að taka það skref að Akranes verði Heilsueflandi samfélag og lýsir sig reiðubúið að leggja til fulltrúa í stýrihóp verkefnisins.

Með bestu kveðjum

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri ÍA